

Þingsályktun

um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga þá reynslu sem fengist hefur undanfarin ár af hagkvæmni útboða á opinberum framkvæmdum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að setja nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra, m.a. um val á verk tökum.

Samþykkt á Alþingis 11. mars 1987.

